148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 195 — 126. mál.

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um kostnað Vegagerðarinnar við fjárfrekar nýframkvæmdir og viðhald.

Frá Andrési Inga Jónssyni.

1. Hver hefur verið árlegur kostnaður Vegagerðarinnar við nýframkvæmdir og meiri háttar viðhalds- og endurbyggingaverkefni í tengslum við brýr, jarðgöng, mislæg gatnamót og tvöföldun akvega frá árinu 2000? Svarið óskast uppreiknað til núvirðis og sundurliðað eftir framkvæmdaárum.
2. Hver var kostnaðaráætlun og hver endanlegur framkvæmdakostnaður fimm stærstu framangreindra verkefna hvers árs á núvirði?

Skriflegt svar óskast.